

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 29. september 2020  
UST202003-195/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Olíudreifing - Krossanes - Reglubundið eftirlit þann 8.9.2020**

Þann 8. september sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar, Krossanesi, Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar skráningu á mánaðarblöð.

Virðingarfyllst,

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur



Gottskálf Friðgeirsson

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi Akureyri

<b>Dags eftirlits</b>	8.9.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing, Krossanesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón Páll Jóhannesson	<b>Staðsetning</b>	540523,65 578809,711

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar skráningu á mánaðarblöð.

## UMFANG EFTIRLITS

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða fráviks frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafli. Nýtt leyfi var gefið út þann 27. ágúst sl. og gildir til 17. ágúst 2036. Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit er varðar þykktarmælingu geyma en engin ábendingar var sett fram. Frávikinu er lokið.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. og ein ábending sett fram varðandi að skrá þarf dagsetningar tæmingu olúskilja á blöðin. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig aðgengileg á miðlægum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Alls tíu geymar eru í notkun á stöðinni og hafa þeir allir verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Minnt er á að mæla þarf geyma merktá 600.12.00, 600.08.00 og 600.11.00 á næsta ári. Allar löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2019 og stóðust þær prófið. Prófa skal lagnirnar aftur árið 2024. Skollögn nr. 600.30.00 hefur verið aflögð og er ekki í notkun. Mæling var gerð, bæði í olíu og bensínþró árið 2019 og er því næsta mæling á næsta ári. Olúskilja og sandgildirur eru tæmdar reglulega og árið 2019 voru þær tæmdar alls 5 sinnum með nokkuð reglulegu millibili. Loki lekavarnarþróar stóð lokaður er eftirlit fór fram.

Gufuendurnýtingarbúnaður verður yfirfarin nú í október og verða mælingar framkvæmdar um leið. Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila skýrslu úr þeirri mælingu um leið og hún liggur fyrir. Mæling var síðast gerð þann 26. ágúst sl. og sýndu meðaltalsgildi klukkutíma mælingar 0,04 g/Nm<sup>3</sup> en mörk starfsleyfisins eru 35 g/Nm<sup>3</sup>.

Rekstraraðili hefur fengið endurnýjun á ISO 14001 vottun og gildir hún til 14. janúar 2023.

Engin mengunarslys hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og engar kvartanir varðandi starfsemina hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila. Slökkviliðið var með nýliðabjálfun í stöðinni í mars sl. vegna viðbragða við bruna, leka og annarra slysa.

Flokkun á úrgangi er í stöðinni og spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar, til Terra. Allri úrgangsolíu er skilað til Skeljungs. Verið er að hanna lausn til söfnunar undantöppunarolíu af geymum og verður þá hægt að dæla þeirri olíu aftur inn á geymanna í stað þess að hún fari í olúgildru

eins og nú er.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í hólkum sem festir eru á girðinguna sem umlykur stöðina. Rekstrarhandbók er í bílum með hættu- og varúðarmerkjum. Öryggisblöð og hættumerkingar eru til staðar og uppfærðar samkvæmt reglugerð um flokkun og merkingu.

Þjálfun og fræðsla starfamanna er skv. skráðu verklagi.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og áfyllingarplan. Lóðin er afgirt með mannheldri girðingu og er hliðslá inn á lóðina lokuð. Öryggismiðstöðin hefur eftirlit með stöðinni utan mönnunartíma.

#### ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram er varðar að skrá þarf dagsetningu á tæmingu olíuskilja á mánaðarblöð.


#### ANNAÐ

Verið var að landa olíu er eftirlitið fór fram, úr nýju gasknúnu olíuskipi. Keyrt var niður að löndunarbyggju og fylgst með löndun. Engar athugasemdir voru gerðar við verklag löndunar og verklagsreglur vegna löndunar eru aðgengilegar í rekstrarhandbók.

Reykjavík, 29.09.2020

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir